

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði“ í 1. mgr. kemur: lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.
- b. 2. mgr. fellur brott.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „ber eftirlitseining ábyrgð á“ í 2. másl. 1. tölul. kemur: eftirliti með stefnum, fyrirkomulagi og verklagi í samræmi við gildandi lög og reglur.
- b. Á eftir 2. tölul. bætist nýr töluliður við, 3. tölul., sem orðast svo:  
3) *Eigandi hlutdeildarskírteina (e. unit-holder)*: einstaklingur eða lögaðili sem á eitt eða fleiri hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði.
- c. Á eftir orðunum „innan ásættanlegs tímaramma“ í 5. tölul. kemur: og að þar með eigi verðbréfasjóður erfitt með að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 116/2021.
- d. 7. og 10. tölul. falla brott.
- e. Á eftir orðunum „starfsemi rekstrarfélagsins“ í 8. tölul. kemur: sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 116/2021.
- f. Í stað „1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002“ í 11. tölul. kemur: 3. mgr. 5. gr. laga nr. 116/2021.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „viðskipti sín“ í f-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: starfsemi sína.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „hreinni eign“ í 3. mgr. kemur: innra virði.
- b. Í stað orðanna „verðmæti hreinnar eignar“ í 3. mgr. kemur: innra virði.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „lögum nr. 128/2011“ í 1. mgr. kemur: lögum nr. 116/2021.
- b. Í stað orðanna „og ef við á, útboðslýsingu sjóða og reglum þeirra“ í a-lið 2. mgr. kemur: samkvæmt útboðslýsingu sjóða eða reglum þeirra.

#### 6. gr.

G-liður 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „laga um verðbréfaviðskipti“ í 1. mgr. kemur: laga um aðgerðir gegn markaðssvikum.
- b. Í stað orðanna „lögum um verðbréfaviðskipti“ í i-lið a-liðar 1. mgr. kemur: lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.
- c. Orðin „lögum um fjármálafyrirtæki“ í iii-lið a-liðar 1. mgr. falla brott.

- d. Í stað orðanna „lögum um verðbréfavíðskipti“ í iii-lið a-liðar 1. mgr. kemur: lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.
- e. Í stað orðanna „a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007“ í b-lið 1. mgr. kemur: a- eða b-lið 2. mgr. 37. gr. eða 3. mgr. 67. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun, sbr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.
- f. Í stað orðanna „2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti“ í inngangstexta c-liðar 1. mgr. kemur: a-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021.
- g. Í stað orðanna „a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007“ í i-lið c-liðar 1. mgr. kemur: a- eða b-lið 2. mgr. 37. gr. eða 3. mgr. 67. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun, sbr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.
- h. Í stað „b-lið 1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: b-lið 2. mgr.
- i. Í stað orðanna „laga nr. 128/2011“ í b-lið 3. mgr. kemur: laga nr. 116/2021.
- j. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Með hugtakinu eigin víðskipti í skilningi 1.-3. mgr. er átt við sömu merkingu og skv. 28. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun, sbr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „skipulegan verðbréfamarkað“ í 3. mgr. kemur: skipulegan markað.
- b. Í stað orðanna „sbr. lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007“ í 3. mgr. kemur: sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

## 9. gr.

Við 20. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi: Samantekin lýsing á áætlunum sem um getur í 1. mgr. skal gerð aðgengileg fjárfestum.

## 10. gr.

Orðið „fjárhagslegs“ í 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

## 11. gr.

29.-37. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögnum falla brott.

## 12. gr.

Fyrirsögn 1. þáttar í VI. kafla reglugerðarinnar verður: **Áhættustýringarstefna og áhættumat.**

## 13. gr.

Í stað „1. mgr. 27. gr. laga nr. 128/2011“ í 4. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. mgr. 61. gr. laga nr. 116/2021.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „34. gr. laga nr. 128/2011“ í inngangstexta 1. mgr. 41. gr. kemur: 66. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað orðanna „hreinnar eignar“ í a-lið 1. mgr. 41. gr. kemur: innra virðis.

- c. Í stað orðanna „tilteknum aðferðum og gerningum til að auka skilvirkni í stýringu eignasafna“ í 5. mgr. 41. gr. kemur: fjárfestingaraðferðum, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 116/2021.

15. gr.

Í stað „2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011“ í 5. mgr. 42. gr. reglugerðarinnar kemur: 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „35. gr. laga nr. 128/2011“ í 1., 6. og 7. mgr. kemur: 67. gr. laga nr. 116/2021.  
b. Í stað „1. og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011“ í 2. mgr. kemur: 1. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 116/2021.  
c. Í stað „2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011“ í 5. mgr. kemur: 2. mgr. 67. gr. laga nr. 116/2021.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „sbr. 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1166/2013“ í 1. mgr. kemur: og sem uppfyllir skilyrði 4. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 970/2021.  
b. Í stað „2. mgr. 3. gr.“ í 3. mgr. kemur: 2. mgr. 4. gr.

18. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: **Reglugerð um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti og áhættustýringu).**

19. gr.

Í stað „64. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki“ í 1. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar kemur: 15., 18.-21., 66. og 1. mgr. 134. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15., 18.-21., 66. og 1. mgr. 134. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, öðlast gildi 1. september 2021.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. ágúst 2021.*

F. h. r.  
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Elísabet Júlíusdóttir.*